



FÉLAG ATVINNUREKENDA



SFR



Fyrirtækin á beinu brautina

samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Víðtækt samkomulag hefur náðst um leiðir við úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Að því standa efnahags- og viðskiptaráðuneytið, Félag atvinnurekenda, fjármálaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Samtök fjármálafyrirtækja og Viðskiptaráð Íslands. Skrifað var undir samkomulagið síðdegis í dag í Rúgbrauðsgerðinni.

Að mati þeirra sem undir samkomulagið rita, er það ein af nauðsynlegum forsendum nýrrar fjárfestingar í íslensku hagkerfi sem aftur leiðir af sér hagvöxt og störf.

Samkomulagið felur í sér að úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja verði hraðað verulega. Stefnt er að því að fyrir 1. júní 2011 hafi fjármálafyrirtæki lokið skoðun á fjárhagsstöðu þessara fyrirtækja og gert lífvænlegum fyrirtækjum sem eru í fjárhagsvanda tilboð um úrvinnslu skulda þeirra.

Miðað er við að heildarskuldsetning fyrirtækis að lokinni úrvinnslu fari ekki fram úr endurmetnu eigna- eða rekstrarvirði þess, hvoru sem er hærra, að viðbættu virði annarra trygginga og ábyrgða fyrir skuldum viðkomandi fyrirtækis.

Samkomulaginu verður fylgt eftir með mánaðarlegum skýrslum um framgang mála og úrbótum á úrvinnslunni, komi til hnökra eða tafa.

Lítill og meðalstór fyrirtæki eru stærsti vinnuveitandi landsins. Ríflega 90% allra íslenskra fyrirtækja eru lítill eða meðalstór og má ætla að fjöldi þeirra sé á þriðja tug þúsunda. Þessi fyrirtæki standa undir drjúgum hluta verðmæta- og atvinnusköpunar í landinu.

Samkomulagið verður kynnt stjórnendum lítilla og meðalstórra fyrirtækja á opnum fundi á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 17. desember kl. 8.30.

Ummæli fulltrúa aðila samkomulagsins:

„Þetta er nauðsynlegt samkomulag sem ríkisstjórnin varð að taka forystu um að yrði gert. Ég fagna því að það sé í höfn og hvet alla ábyrga aðila í íslensku atvinnulífi til að leggjast á árarnar svo sem flest atvinnufyrirtæki stígi skrefið úr skuldaflækju inn á beina braut sköpunar atvinnutækifæra og verðmæta. Ríkisstjórnin vill standa við bakið á atvinnulífinu í landinu, þetta er eitt skref af mörgum framundan.“

- Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra

„Samkomulagið er mikilvægt. Það dregur úr óvissu og er liður í að skapa skilyrði fyrir auknar fjárfestingar sem eru of litlar í dag til að viðhalda samkeppnishæfni atvinnulífsins. Sóknarfærin í atvinnulífinu og möguleikarnir til þess að bæta kjör fólks verða að koma í gegnum auknar fjárfestingar á næstu árum, fyrst og fremst í útflutningsgreinum. Þar er hægt að skapa varanleg störf, tryggja auknar útflutningstekjur, styrkari gjaldmiðil og betri lífskjör til lengri tíma.“

- Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

„Þetta samkomulag er mjög mikilvægt og ætti að hraða þeirri vinnu sem þegar er hafin í fjármálafyrirtækjum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Þetta er umfangsmikið verkefni og mikill fjöldi starfsmanna fjármálafyrirtækja um land allt koma að þessari vinnu. En við teljum verkefnið vel viðráðanlegt enda mikil reynsla við úrvinnslu skuldavanda safnast upp í fjármálakerfinu á síðustu misserum.“

- Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja

„Úrlausn skuldavanda lítilla og meðalstórra fyrirtækja miðar að því að gera fjölda fyrirtækja, sem búið hafa við verulega óvissu, aftur að raunverulegum þátttakendum í hagkerfinu. Þeim verður nú gert kleift að leggja í fjárfestingar, skapa störf og ráða fólk í vinnu. Þetta er líklega ein stærsta, framkvæmanlegasta efnahagsaðgerðin sem völ er á við núverandi aðstæður og líklegt að hún hafi veruleg jákvæð áhrif á umsvif í hagkerfinu og gagnist þannig bæði íslenskum heimilum og atvinnulífi.“

- Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Fyrirtækin á beinu brautina

– helstu atriði

- Samkomulagið er undirritað með fyrirvara um lögfestingu annars vegar breytinga á skattalögum og hins vegar breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu.
- Lítil og meðalstór fyrirtæki, með skuldir allt að 1.000 m.kr. geta fengið skuldir sínar lækkaðar niður að endurmetnu eigna- eða rekstrarvirði, hvoru sem er hærra að viðbættu virði annarra trygginga á skuldum fyrirtækis.
- Biðlán getur komið til ef eigendur hafa ekki burði til þess að leggja fyrirtækinu til eigin fé, að hámarki 30% af heildarvirði fyrirtækis. Vegna sérstakra aðstæðna skal fjármálafyrirtæki þó heimilt að víkja frá þessum mörkum. Biðlánið er til þriggja ára, án greiðslna á þeim tíma og ber lága vexti. Að loknum þeim þriggja ára aðlögunartíma mun fjárhagsstaða fyrirtækisins skoðuð á ný. Sé áfram þörf á biðláni skal það frá þeim tíma bera vexti sem samsvara eðlilegri ávöxtun á eigin fé.
- Tillögugerð um fjárhagslega endurskipulagningu allra fyrirtækja sem eiga í hlut ljúki fyrir 1. júní 2011. Mánaðarleg markmið verða sett um fjölda afgreiðslna.
- Sé eigandi, eða þriðji aðili, í ábyrgð fyrir skuldbindingu fyrirtækis þá verður fjárhæð slíkrar ábyrgðar endurmetin á grundvelli greiðslugetu og eignastöðu ábyrgðaraðila samhliða endurskipulagningu.
- Öllum verður boðið að samþykkja skuldauppgjör og endurskipulagningu með fyrirvara um betri rétt samkvæmt niðurstöðu dómstóla, t.d. hvað varðar gengistryggð lán.
- Ríkissjóður og opinberir aðilar endurskoða opinber gjöld og skattaskuldir með það fyrir augum að fresta greiðslum eða fella niður skuldir, sé það í hag allra hlutaðeigandi aðila.
- Viðskiptaskuldir fyrirtækja verða almennt ekki færðar niður við endurskipulagningu, enda tengjast þær daglegum rekstri og viðskiptasamböndum fyrirtækisins.
- Fjármálafyrirtæki og fyrirtæki í endurskipulagningu geta komið sér saman um að fá mat þriðja aðila á eigna- eða rekstrarvirði fyrirtækisins.
- Sérstakri úrskurðarnefnd eða gerðardómi verði komið á fót til að fjalla um ágreining á milli kröfuhafa um niðurfærslu skulda fyrirtækja. Nefndin fái heimild til að kveða upp fullnustuúrskurði í málum.
- Aðilar samkomulagsins funda mánaðarlega eða oftár til að meta framgang áætlunarinnar og endurbæta hana þyki þörf á. Fjármálafyrirtæki leggja fram mánaðarlegar skýrslur um framgang mála.
- Stjórnvöld beita sér fyrir að opinberar lánastofnanir, t.d. Bygðastofnun, taki þátt í úrvinnslunni.